

Alþingi
Erindi nr. P 126/1394
komudagur 13.3.2001

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. mars 2001.

Efni: Umsögn Veiðimálanefndar um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, 389. mál, rekstrarleyfi, gjaldtaka, fiskeldisnefnd o.fl.

Á fundi Veiðimálanefndar þann 6. mars s.l. var samþykkt að gera eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum.

1. og 2. gr.

Engar athugasemdir.

3. gr. (62. gr.)

Í 3. másl. 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins kemur fram að í rekstrarleyfi skuli vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Veiðimálanefnd telur mjög brýnt að slíkar varúðarráðstafanir séu fyrir hendi, en telur hins vegar að kveða þurfi skýrar á um það hvernig framkvæmdinni skuli háttað.

Hvað varðar 5. mgr. 3. gr. telur nefndin að til bóta sé að auk dýralæknis fiskisjúkdóma og veiðimálastjóra annist Veiðimálastofnun úttekt þá sem þar er mælt fyrir um.

Varðandi 9. mgr. 3. gr. leggur nefndin til að síðari málsliður hennar verði felldur brott.

4. gr. (72. gr.)

Nefndin leggur til að síðari málsliður 3. mgr. 4. gr. verði svohljóðandi: *“Ef um ítrekaðar slysasleppingar er að ræða skal landbúnaðarráðherra taka rekstrarleyfi til endurskoðunar eða fella það úr gildi”*.

5. gr.

Nefndin leggur til að á eftir 1. másl. 1. mgr. b-liðar ákvæðisins (verður 75. gr.) komi nýr málsliður, svohljóðandi: *“Skal hann leita sérfræðiráðgjafar Veiðimálastofnunar”*.

Hvað varðar fjárhæð árlegs gjalds fiskeldis- og hafbeitarstöðva í ríkissjóð, sem mælt er fyrir um í 2 mgr. b-liðar 5. gr. frumvarpsins að skuli vera 0,25% af

brúttósöluverði framleiðslu fiskeldis- og hafbeitarstöðva, er það mat nefndarinnar að umrædd fjárhæð sé mun lægri en eðlilegt getur talist fyrir slíkt eftirlit af hálfu veiðimálastjóra. Leggur nefndin til að Landbúnaðarnefnd Alþingis óski eftir frekari upplýsingum hvað þetta atriði varðar og hvernig umrætt viðmið hafi verið fundið.

Nefndin leggur til að 1. másl. 1. mgr. c-liðar 5. gr. (verður 76. gr.) verði svohljóðandi: “*Kynbættan og geldan eldislax er eingöngu heimilt að nýta til fiskeldis og óheimilt er að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit.*”

Nefndin leggur til að 2. másl. 1. mgr. c-liðar verði felldur brott.

Þá leggur nefndin til að 3. mgr. c-liðar verði í heild felld brott.

6. gr.

Engar athugasemdir.

7. gr. (94. gr.)

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um fiskeldisnefnd, sem í eiga sæti fjórir menn. Veiðimálanefnd er hlynnt því að slíkri nefnd verði komið á fót, en þó því aðeins að nefndarmenn hafi til að bera sérstakt hæfi til að fjalla um þann málaflokk, sem þar er um að ræða. Þannig er það mat Veiðimálanefndar að mjög brýnt sé að í ákvæðinu sé tiltekin menntun nefndarmanna á viðkomandi sviði tilskilin.

Þá leggur nefndin til að í stað tilnefningar veiðimálastjóra í fiskeldisnefnd komi tilnefning Veiðimálastofnunar

F.h. Veiðimálanefndar


Óðinn Elisson, formaður.